



Við viljum ekki Þórarinn Tyrfingsson!

SÁÁ gegnir gríðarlega mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem heilbrigðisstofnun sem meðhöndlar fíknsjúkdóm. Ávinningur meðferðar skilar sér ekki bara til einstaklingsins sem er að fást við fíkn heldur til fjölskyldunnar, barna, atvinnurekenda, annarra heilbrigðisstofnana, félagslega kerfisins og svona mætti lengi telja.

Núna er að koma að aðalfundi SÁÁ þar sem kjósa á nýja stjórnarmeðlimi og formann. Tveir einstaklingar hafa boðið sig fram í embætti formanns, Einar Hermannsson og Þórarinn Tyrfingsson.

Valgerður Rúnarsdóttir tók við starfi forstjóra sjúkrahússins Vogs af Þórarni Tyrfingssyni árið 2017 og markaði það ákveðin tímamót í starfi SÁÁ. Við starfsfólkið höfum orðið áþreifanlega vör við jákvæðar breytingar sem hafa orðið á meðferðinni, stjórnunarháttum og samskiptum innan fyrirtækisins. Starfsmannavelta hefur minnkað umtalsvert, tækifæri til þróunar í starfi, starfsánægja og valdefling starfstéttanna aukist og breytt stöðu starfsmanna. Breytingarnar sem við finnum fyrir snúast að miklu leyti um þá stjórnunarhætti sem breyttust þegar Valgerður tók við af Þórarni. Starfsfólkið fékk rödd sem áður mátti helst ekki heyrast, samráð milli og innan fagstétta tók stakkaskiptum til hins betra. Einnig er nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa faglegra og markvissara undir handleiðslu Ingunnar Hansdóttur. Meðferðin varð skjólstæðingavænni, einstaklingsmiðaðri og betur tekið mið af sértækum þörfum ákveðinna sjúklingahópa en áður.

Við treystum Einari Hermannssyni til að leiða SÁÁ áfram inn í nýja tíma í takt við þær góðu breytingar sem hafa orðið.

Undir stjórn Þórarins fengu starfsmenn þau skilaboð að sumar starfsstéttir innan þverfaglega teymisins væru óþarfar. Álit læknisins var upphaf og endir alls. Skoðanir annarra starfsstétta léttvægar og jafnvel óæskilegar og starfsfólk fékk ekki tækifæri til að nýta menntun sína og þekkingu í ákvarðanatöku í skjólstæðingavinnunni. Stjórnunarhættir þess tíma miðuðu frekar að sundrung milli fagstétta og þöggun en farsælu samráði og samstarfi. Þannig sjónarmið og stjórnunarhættir eiga ekkert pláss í samfélagi sem krefst þverfaglegrar teymisvinnu, þar sem allir eiga sitt hlutverk og sína rödd.

Starfsfólk SÁÁ vill vinna í þverfaglegu teymi og veita bestu hugsanlegu meðferð og þjónustu við fólk með fíknsjúkdóm og fjölskyldur þeirra. Við viljum vinna eftir nýjustu þekkingu og í skjólstæðingavænni nálgun í takt við kröfur nútímasamfélags.

Nú hefur Þórarinn Tyrfingsson boðið sig fram til formanns SÁÁ að nýju. Að hans mati getur enginn nema hann bjargað SÁÁ og kveðið niður þann óróleika sem hann telur að eigi sér stað í starfi samtakanna. Óróleika sem hefur að miklu leyti skapast af hans eigin völdum. Þórarinn hefur unnið ötullega að því að reyna skapa úlfúð og missætti milli starfsstétta og hans handbragð var auðþekkjanlegt á öllum gjörðum framkvæmdarstjórnar sem leiddu til vantraustsyfirlýsingar starfsfólks meðferðarsviðs á formann SÁÁ og framkvæmdarstjórn í apríl sl.

Við starfsfólk meðferðarsviðs SÁÁ viljum ekki Þórarinn Tyrfingsson sem formann SÁÁ. Okkur þarf ekki að bjarga, starfsandinn er almennt góður og það eitt að fyrirverandi formaður haldi öðru fram er dæmigert fyrir hans stjórnarstíl, viðhorf og sjónarmið.

Samvinna framkvæmdarstjórnar SÁÁ og meðferðarsviðs þarf að einkennast af heiðarleika, virðingu og skýrri hlutverkaskiptingu. Starfsfólk SÁÁ treystir Einari Hermannsyni og Valgerði Rúnarsdóttur til að sinna þessum hlutverkum af alúð og heillindum með hagsmuni fólks með fíknsjúkdóm og aðstandendur þeirra að leiðarljósi.

1. Kristbjörg Halla Magnúsdóttir, Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
2. Gísli Hrafn Atlason, Áfengis- og vímuefnaráðgjafanemi
3. Elín Þórdís Gísladóttir Meldal, Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
4. Sandra Dögg Björnsdóttir, Sjúkraliði
5. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
6. Þóra Björk Ingólfssdóttir, Sálfræðingur
7. Tinna Dögg Jóhannsdóttir, Áfengis- og vímuefnaráðgjafanemi
8. Tita Valle, Hjúkrunarfræðingur
9. Karl Gunnarsson, Dagskrárstjóri á Göngudeild SÁÁ
10. Bryndís Ólafsdóttir, Hjúkrunarfræðingur
11. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
12. Vignir Fannar Valgeirsson, Áfengis- og vímuefnaráðgjafanemi
13. Vilborg Þórisdóttir, Sjúkraliði
14. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
15. Hrefna Mjöll Þórisdóttir, Móttökuritari
16. Ingibjörg Jónsdóttir, Sjúkraliði
17. Ingunn Hansdóttir, Yfirsálfræðingur
18. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
19. Jóna Eydís Sigurjónsdóttir, Áfengis- og vímuefnaráðgjafanemi
20. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
21. Bryndís Árný Kristínardóttir, Sjúkraliði
22. Dagrún Þórný Marínardóttir, Heilbrigðisgagnafræðingur
23. Gísli Stefánsson, Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
24. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
25. Ásdís M Finnbogadóttir, Hjúkrunarfræðingur
26. Auður Teitsdóttir, Móttökuritari
27. Berglind Þöll Heimisdóttir, Hjúkrunarfræðingur
28. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
29. Aðalbjörg Ósk Angantýsdóttir, Áfengis- og vímuefnaráðgjafanemi
30. Agnar Egilsson, Áfengis- og vímuefnaráðgjafanemi
31. Bjarnrún Jónsdóttir, Hjúkrunarfræðingur
32. Hörður J. Oddfríðarson, Dagskrárstjóri
33. Guðrún Ósk Njálisdóttir, Áfengis- og vímuefnaráðgjafanemi
34. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
35. Arndís Ásgeirsdóttir, Sjúkraliði
36. Guðmann Magnússon, Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
37. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
38. Julia Aspelund, Lýðheilsufræðingur
39. Krístrún Pétursdóttir, Sjúkraliði
40. Lea Nabetse, Hjúkrunarfræðingur

41. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
42. Oddur Sigurjónsson, Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
43. Páll Heiðar Jónsson , Sálfræðingur
44. Rakel Birgisdóttir, Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
45. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
46. Sigurbjörg Anna Þór Björnsdóttir, Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
47. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
48. Torfi Hjaltason , Dagskrárstjóri á Vík
49. Víðir Sigrúnarson, Yfirlæknir
50. Vigdís Margrétar Jónsdóttir, Áfengis- og vímuefnaráðgjafanemi
51. Starfsmaður sem óskar nafnleyndar
52. Natasa Stankovic , Sjúkraliði
53. Þrúður Bryndísardóttir, Sjúkraliði
54. Katrín Ella Jónsdóttir, Sálfræðingur
55. Kristín Lára Ólafsdóttir, Hjúkrunarfræðingur
56. Emilila Aleksandraviciene, Sjúkraliði
57. Silja Jónsdóttir, Sálfræðingur